



UMHVERFISSTOFNUN

# Samantekt efnateymis fyrir árið 2015

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Greining Evrópugerða.....	2
3. Heimild til tollafgreiðslu .....	3
4. Eftirlitsverkefni .....	3
5. Tilkynningar .....	4
6. Fyrirspurnir og ábendingar .....	4
7. Skýrsluskil til ESA og UNEP .....	5
8. Fræðsla og kynning.....	5
9. Erlent samstarf .....	6
10. Fréttir frá efnateymi 2015.....	6

# 1. Inngangur

Efnateymi Umhverfisstofnunar hefur haft með höndum markaðseftirlit með efnum og efnablöndum frá því í byrjun árs 2014. Á árinu 2015 var áfram unnið að fjölbreyttum eftirlitsverkefnum skv. áætlun teymisins og haldið áfram að móta verklag í eftirliti. Auk þess fór drjúgur tími í að rýna nýjar Evrópugerðir og skrifa drög að innleiðingarreglugerðum. Hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum og þar með efnateymis er tilgreint í 5. gr. efnalaga. Verkefnin eru margþætt og eru þau helstu tilgreind í þessari samantekt.

## 2. Greining Evrópugerða

Íslensk löggjöf um efnamál byggir á löggjöf Evrópusambandsins og fylgir Ísland þannig stefnu sambandsins. Eitt af föstu verkefnum efnateymis er að greina reglugerðir og tilskipanir Evrópusambandsins og útbúa upplýsingablað og staðalskjal sem send eru til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR). Hér er bæði um að ræða nýjar reglugerðir sem og breytingar á gildandi reglugerðum. Sú breyting hefur orðið á fyrra verklagi að nú sendir stofnunin drög að reglugerð um leið og hún sendir upplýsingablað og staðalskjal. Áður var það gert nokkrum sinnum á ári og nokkrar gerðir teknar saman í eina innleiðingargerð.

Málaflokkur	Fjöldi 2014	Fjöldi 2015
REACH	8	8
Flokkun og merking	2	7
Sæfivörur	33	21
Plöntuverndarvörur	38	34
Snyrtivörur	11	7
Ósoneyðandi efni og gróðurhúsalofttegundir	3	1
Þvotta- og hreingerningarefni	0	0
Eldsneyti	4	2
Þrávirk lífræn efni	1	4
<b>Samtals</b>	<b>125</b>	<b>84</b>

### 3. Heimild til tollafgreiðslu

Umhverfisstofnun veitir heimild til tollafgreiðslu fyrir ýmis leyfisskyld efni og efnablöndur. Árið 2015 voru veittar 302 slíkar heimildir og skiptust þær þannig á eftirfarandi málaflokka:

Málaflokkur	Fjöldi 2013	Fjöldi 2014	Fjöldi 2015
Eiturefni	15	16	9
Sæfivörur	66	89	123
Gróðurhúsalofttegundir	25	24	17
Plöntuverndarvörur	18	34	30
Önnur efni	66	70	58
Samtals	<b>190</b>	<b>233</b>	<b>237</b>

### 4. Eftirlitsverkefni

Samkvæmt efnalögum skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára og skal fyrsta áætlunin gilda frá 1. janúar 2014. Árið 2015 var unnið að eftirtöldum eftirlitsverkefnum og eru niðurstöður þeirra birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Slóðin er: <http://ust.is/atvinnulif/efni/eftirlit/eftirlitsverkefni/2015/>

	Eftirlitsverkefni
1	Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara árið 2014
2	Snyrtivörur: Merkingar umbúða og innihald sólvarnarefna
3	Snyrtivörur: Merkingar umbúða og innihald andlitslita sem tengjast Öskudegi og Hrekkjavöku (fyrri hluti)
4	Söluskrár 2014 fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni
5	Eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði 2015
6	Markaðsleyfi, merkingar og öryggisblöð fyrir viðarvarnarefni (PT8)
7	REACH-skráning, öryggisblöð og merkingar efna og efnablandna
8	Eftirlit með merkingum eiturefna og annarra hættulegra efna 2015
9	Markaðsleyfi, merkingar og öryggisblöð sæfivara í gæludýraverslunum
10	Markaðsleyfi, merkingar og öryggisblöð nagdýra- og skordýraeiturs

	Eftirlitsverkefni
11	Merkingar á umbúðum efnavara í matvöruverslunum
12	Snyrtivörur: Merkingar umbúða og innihald andlitslita sem tengjast Öskudegi og Hrekkjavöku (seinni hluti)
13	Eftirlit með hættulegum efnum í málningar- og byggingavöruverslunum 2015
14	Eftirlit með merkingum taupvottaefna seld almenningi

## 5. Tilkynningar frá HES

Samkvæmt nýjum efnalögum er eitt af hlutverkum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga að hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndirnar gefa út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins og bregst stofnunin síðan við og gerir kröfur til birgis um að gera úrbætur á merkingum vörunnar.

Árið 2015 bárust 15 tilkynningar um vanmerktar vörur frá HES. Umhverfisstofnun brást við með því að gera kröfur til birgis um úrbætur með viðeigandi eftirfylgni.

Þvingunarúrræði	Fjöldi 2013	Fjöldi 2014	Fjöldi 2015
Krafa um úrbætur	47	22	9
Áform um áminningu	17	7	0
Áminning	0	2	0

## 6. Fyrirspurnir og ábendingar

Á hverju ári fær efnateymið fjölda fyrirspurna sem reynt er að svara fljótt og vel. Markmiðið er að skrá allar fyrirspurnir í skjalakerfið óháð því hvernig þær berast.

Skráðar fyrirspurnir í skjalakerfi 2015 koma fram hér að neðan.

Málaflokkur	Fjöldi fyrirspurna 2014	Fjöldi fyrirspurna 2015
REACH	10	17
Flokkun og merking	23	37
Sæfivörur	33	41
Snyrtivörur	47	12

Málaflokkur	Fjöldi fyrirspurna 2014	Fjöldi fyrirspurna 2015
Plöntuverndarvörur	16	36
Notendaleyfi		2
Aðrar fyrirspurnir	50	8
<b>Samtals</b>	<b>187</b>	<b>153</b>

## 7. Skýrsluskil til ESA og UNEP

Umhverfisstofnun ber skylda til skv. lögum og reglugerðum að skila ýmsum gögnum til Eftirlitsstofnunar Evrópu og UNEP. Gagnaskil á árinu 2015 koma fram hér að neðan.

Skýrsla
Til ESA: Quality data for petrol and diesel fuel in Iceland in 2014
Til ESA: Sulphur content of marine fuels in Iceland 2014
Til UNEP: Gagnaskil um ósoneyðandi efni
Til UNEP: DDT spurningarblað fyrir 2012-2014

## 8. Fræðsla og kynning

Á hverju ári heldur efnateymið fundi og gefur út efni til að kynna breytingar á lögum og reglugerðum fyrir bæði önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Afurðir kynningarstarfsins á árinu 2015 koma fram í yfirlitinu hér að neðan.

Dags.	Afurð
26. febrúar	Kynningarfundur um efnavörueftirlit Umhverfisstofnunar með þátttöku frá Neytendastofu, Vinnueftirliti ríkissins og Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga
27. mars	Kynningarfundur um flokkun og merkingu efnablandna skv. CLP
21. apríl	Kynningarfundur um markaðssetningu sótthreinsivara
20. ágúst	Bæklingur um markaðssetningu þvotta- og hreinsiefna fyrir almenning
22. september	Kynningarfundur um öryggisblöð

## 9. Erlent samstarf

Mikilvægur þáttur í starfi efnateymis er samstarf innan Norðurlanda og Evrópu við túlkun og framkvæmd efnalöggjafarinnar. Efnateymið tók þátt ýmsum fundum, námskeiðum og ráðstefnum á árinu 2015, bæði með viðveru á staðnum og í gegnum fjarfund.

Dagsetning	Fundur
2015	Hönnuhús – Verkefni með Norræna flokkunarhópnum (undirhópur NKG)
19. maí	Vinnustofa um CLP í Kaupmannahöfn. Tveir starfsmenn tóku þátt.
20. – 21. maí	Norræni eftirlitshópurinn í Kaupmannahöfn. Þrír starfsmenn tóku þátt.
6. mars	Fundur hjá Norræna sæfivöruhópnum í Helsinki. Einn starfsmaður UST tók þátt.
24.-26. mar	Forum-20 plenary meeting í Helsinki. Einn starfsmaður UST tók þátt.
4. september	Fundur hjá Norræna sæfivöruhópnum í Stokkhólmi. Einn starfsmaður UST tók þátt í gegnum fjarfund.
24. – 25. september	ECHA Forum: Training for trainers í Helsinki. Efnateymið tók þátt í gegnum fjarfund.
3.-5. nóvember	Vinnustofa stýrinesfndarinnar fyrir Norðursvæðið um plöntuverndarvörur og fundur með iðnaðinum, í Stokkhólmi. Einn starfsmaður UST tók þátt.

## 10. Fréttir frá efnateymi 2015

Efnateymið ber ábyrgða á texta á heimasíðu Umhverfisstofnunar um efni (<http://ust.is/atvinnulif/efni/>) og kemur að gerð texta á upplýsingasíðu Umhverfisstofnunar um grænan lífsstíl ([www.graenn.is](http://www.graenn.is)) sem inniheldur upplýsingar fyrir almenning um m.a. efnavörur og gefur góð ráð til að lágmarka snertingu við óæskileg efni. Þegar nýtt efni er sett á heimasíðuna er útbúin frétt og hún send á fjölmiðla. Á árinu 2015 sendi efnateymið frá sér 21 frétt sbr. yfirlitið hér að neðan.

Dags.	Frétt
13. jan	<a href="#">Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara árin 2012 og 2013</a>
5.feb	<a href="#">Eftirlit í málningar- og byggingavöruverslunum</a>
9.feb	<a href="#">Þurfa börnin okkar hormónahermandi efni á öskudaginn?</a>
26.feb	<a href="#">Ný reglugerð um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti</a>

Dags.	Frétt
18. mars	<a href="#">Kynningarfundur um flokkun og merkingu efnablandna skv. CLP</a>
10. apríl	<a href="#">Fyrirlestrar af kynningarfundu Umhverfisstofnunar um flokkun og merkingu efnablandna</a>
21. apríl	<a href="#">Kynningarfundur um markaðssetningu sótthreinsivara</a>
5.júní	<a href="#">Snyrtivörur: Breyting á úðabrusamerkingum</a>
5. júní	<a href="#">Nýjar hættumerkingar gilda nú bæði um efni og efnablöndur</a>
22.júní	<a href="#">Illgresiseyðar sem innihalda virka efnið glýfosat</a>
25.júní	<a href="#">Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara árið 2014</a>
8.júlí	<a href="#">Eftirlit með sólarvörnum á markaði vorið 2015</a>
19.ágúst	<a href="#">Framleiðir þú eða flytur inn efnablöndur?</a>
28. ágúst	<a href="#">Sala á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum árið 2014</a>
9.sept	<a href="#">Aðstoð til fyrirtækja með efnalöggjöfina</a>
14.sept	<a href="#">Kynningarfundur um öryggisblöð</a>
14.sept	<a href="#">Bætt eftirlit með sölu á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum</a>
25.sept	<a href="#">Kynningarfundur um öryggisblöð</a>
28.sep	<a href="#">Eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði 2015</a>
12.okt	<a href="#">Námskeið um meðferð varnarefna 9.-13. nóvember 2015</a>
27.nóv	<a href="#">Aðeins 6% þekkja nýju hættumerkin</a>
11. des	<a href="#">5 af 8 ólöglegum vörum aftur í hillum eftir ár</a>